

**REGLUR FYRIR SÉRHÆFÐA SJÓÐI**

NASDAQ ICELAND HF.

ÚTGEFNAR ~~6. MARS 2023~~ 1. JANÚAR 2024

<b>INNGANGUR</b> .....	<b>3</b>
<b>SÉRHLÆFDIR SJÓDIR</b> .....	<b>4</b>
<b>1. TAKA TIL VÍDSKIPTA</b> .....	<b>4</b>
1.1 — INNGANGUR.....	4
1.2 — SKILYRÐI FYRIR TÖKU TIL VÍDSKIPTA.....	4
<b>FERLIÐ VEGNA TÖKU TIL VÍDSKIPTA</b> .....	<b>5</b>
<b>2. UPPLÝSINGASKYLDI SÉRHLÆFDRA SJÓÐA</b> .....	<b>7</b>
<b>ALMENNAR REGLUR UM BIRTINGU UPPLÝSINGA</b> .....	<b>7</b>
2.1 — INNHERJAUPLÝSINGAR.....	7
2.2 — VEFSETUR.....	7
<b>ÖNNUR UPPLÝSINGASKYLDI</b> .....	<b>7</b>
2.3 — INNGANGUR.....	7
2.4 — HREIN EIGN.....	8
2.5 — BIRTING FJÁRHAGSUPPLÝSINGA OG TÍMAFRESTUR.....	8
2.6 — BREYTINGAR Á STJÓRNENDUM OG ENDURSKODANDA.....	8
2.7 — UPPLÝSINGAR UM REKSTRARADILA ÚTGEFANDA.....	9
2.8 — VÍDSKIPTI VIÐ NÁTENGDA ADILA.....	9
2.9 — HLUTHAFAFUNDIR.....	9
2.10 — UPPLÝSINGAGJÖF SEM ER TALIN NAUDSYNLEG TIL AÐ TRYGGJA SANNGJÖRN OG SKIPULEG VÍDSKIPTI.....	9
<b>UPPLÝSINGAR TIL KAUPHALLAR</b> .....	<b>10</b>
2.11 — UPPLÝSINGAR SEM SENDAR ERU Í EFTIRLITSSKYNI.....	10
<b>3. ALMENNAR REGLUR FYRIR ÚTGEFENDUR FJÁRMÁLAGERNINGA</b> .....	<b>11</b>
3.1 — GJÖLD.....	11
3.2 — SKIMUN Á ÚTGEFANDA (E. SANCTIONS SCREENING).....	11
3.3 — ATHUGUNARMERKING.....	11
3.4 — ÚRRÆÐI VEGNA BROTA Á REGLUM.....	11
3.5 — MÁLUM VÍSAÐ TIL VÍÐURLAGANEFNDAR.....	12
3.6 — ÚTGEFANDI UPPFÝLLIR EKKI SKILYRÐI FYRIR TÖKU FJÁRMÁLAGERNINGA TIL VÍDSKIPTA.....	12
3.7 — TAKA FJÁRMÁLAGERNINGA ÚR VÍDSKIPTUM.....	12
3.8 — BREYTINGAR Á REGLUM.....	13
3.9 — GILDISTAKA.....	13

<b>INNGANGUR.....</b>	<b>4</b>
<b>SÉRHFÆÐIR SJÓDIR.....</b>	<b>5</b>
<b>1.TAKA TIL VIÐSKIPTA .....</b>	<b>5</b>
1.1    INNGANGUR.....	5
1.2    SKILYRÐI FYRIR TÖKU TIL VIÐSKIPTA .....	5
<b>FERLIÐ VEGNA TÖKU TIL VIÐSKIPTA.....</b>	<b>6</b>
<b>2.UPPLÝSINGASKYLDA SÉRHFÆÐRA SJÓÐA.....</b>	<b>8</b>
<b>ALMENNAR REGLUR UM BIRTINGU UPPLÝSINGA .....</b>	<b>8</b>
2.1    INNHERJAUPLÝSINGAR.....	8
2.2    VEFSETUR.....	8
<b>ÖNNUR UPPLÝSINGASKYLDA .....</b>	<b>8</b>
2.3    INNGANGUR .....	8
2.4    HREIN EIGN.....	9
2.5    BIRTING FJÁRHAGSUPPLÝSINGA OG TÍMAFRESTUR .....	9
2.6    BREYTINGAR Á STJÓRNENDUM OG ENDURSKOÐANDA .....	9
2.7    UPPLÝSINGAR UM REKSTRARAÐILA ÚTGEFANDA .....	10
2.8    VIÐSKIPTI VIÐ NÁTENGDA AÐILA.....	10
2.9    HLUTHAFAFUNDIR.....	10
2.10   UPPLÝSINGAGJÖF SEM ER TALIN NAUDSYNLEG TIL AÐ TRYGGJA SANNGJÖRN OG SKIPULEG VIÐSKIPTI .....	10
<b>UPPLÝSINGAR TIL KAUPHALLAR .....</b>	<b>11</b>
2.11   UPPLÝSINGAR SEM SENDAR ERU Í EFTIRLITSSKYNI .....	11
<b>3.ALMENNAR REGLUR FYRIR ÚTGEFENDUR FJÁRMÁLAGERNINGA .....</b>	<b>12</b>
3.1    GJÖLD.....	12
3.2    SKIMUN Á ÚTGEFANDA (E. SANCTIONS SCREENING) .....	12
3.3    ATHUGUNARMERKING.....	12
3.4    ÚRRÆÐI VEGNA BROTA Á REGLUM .....	12
3.5    MÁLUM VISAÐ TIL VIÐURLAGANEFNDAR .....	13
3.6    ÚTGEFANDI UPPFYLLIR EKKI SKILYRÐI FYRIR TÖKU FJÁRMÁLAGERNINGA TIL VIÐSKIPTA .....	13
3.7    TAKA FJÁRMÁLAGERNINGA ÚR VIÐSKIPTUM .....	13
3.8    BREYTINGAR Á REGLUM .....	14
3.9    GILDISTAKA .....	14

## INNGANGUR

Reglur þessar („reglurnar“) gilda fyrir sérhæfða sjóði („útgefendur“), eins og þeir eru skilgreindir í lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020 eða samsvarandi erlendra löggjöf, sem hafa sent beiðni um að hefja ferli vegna töku fjármálagerninga til viðskipta, hafa óskað eftir töku fjármálagerninga til viðskipta eða hafa fjármálagerninga tekna til viðskipta á skipulegum ~~verðbréfamarkaði~~markaði Nasdaq Iceland hf. („Kauphöllin“ eða „Nasdaq Iceland“). Ákvæði 2. kafla, varðandi upplýsingaskyldu, eiga einungis við um útgefendur fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta eða óskað hefur verið eftir að teknir verði til viðskipta.

Með undirritun samnings við Kauphöllina um töku fjármálagerninga til viðskipta skuldbindur útgefandi sig til að fylgja viðeigandi ákvæðum í reglunum.

Reglurnar eru gefnar út af Kauphöllinni í samræmi við lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Samkvæmt 1. mgr. 92. gr. laganna skal kauphöll setja skýrar og gagnsæjar reglur um töku fjármálagerninga til viðskipta. Reglurnar skulu tryggja að fjármálagerningar sem teknir eru til viðskipta á markaðnum séu þess eðlis að hægt sé að stunda viðskipti með þá á sanngjarnan, skipulegan og skilvirkan hátt.

Reglurnar, sem eru settar til viðbótar og áréttingar ákvæðum laga og reglugerða, kveða m.a. á um skilyrði fyrir töku fjármálagerninga til viðskipta og upplýsingaskyldu útgefenda. Um einstakar tegundir fjármálagerninga er fjallað á sambærilegan hátt, þ.e. tiltekin eru skilyrði fyrir töku fjármálagerninga til viðskipta og kröfur um upplýsingaskyldu.

Fyrstu tveir kaflar reglnanna fjalla um töku til viðskipta og upplýsingaskyldu. Lokakaflinn hefur svo að geyma ákvæði um gjöld, athugunarmerkingu, úrræði vegna brota á reglum, ákvörðun um beitingu viðurlaga, ráðstafanir ef útgefandi uppfyllir ekki skilyrði fyrir töku fjármálagerninga til viðskipta, töku fjármálagerninga úr viðskiptum, breytingar á reglunum og gildistöku.

Víða í reglunum má finna skýringartexta, skáletraðan í skyggðum reit, sem eru ætlaðir til nánari útskýringar og túlkunar á reglunum. Eigi ber að líta svo á að um bindandi eða tæmandi skýringar sé að ræða.

Reglur Kauphallarinnar ásamt eyðublöðum vegna töku til viðskipta má nálgast á vefsetri Nasdaq:

<https://www.nasdaq.com/solutions/rules-regulations-iceland>

<https://www.nasdaq.com/solutions/european-surveillance-general-listing-forms>

## SÉRHÆFDIR SJÓÐIR

### 1. TAKA TIL VIÐSKIPTA

#### 1.1 Inngangur

Kauphöllin getur tekið hlutabréf [eða hlutdeildarskírteini](#) (hérefir „**fjármálagerningar**“) sem gefin eru út af sérhæfðum sjóðum („**sjóðum**“), ~~eins og þeir eru skilgreindir í lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020 eða samsvarandi erlendri löggjöf,~~ til viðskipta ef þau uppfylla neðangreind skilyrði.

Sérhæfdir sjóðir fyrir almenna fjárfesta sem gefa út hlutdeildarskírteini [skulu geta einnig sótt um töku til viðskipta á markað Nasdaq Iceland fyrir hlutdeildarskírteini og skulu þá beita reglum Nasdaq Iceland fyrir útgefendur hlutdeildarskírteina \[í stað þessara\]\(#\).](#)

#### 1.2 Skilyrði fyrir töku til viðskipta

##### 1.2.1 *Hæfi*

Kauphöllinni er heimilt að hafna umsókn um töku fjármálagerninga til viðskipta, telji hún að taka fjármálagerninganna til viðskipta sé skaðleg verðbréfamarkaðnum eða hagsmunum fjárfesta þótt öllum skilyrðum fyrir töku fjármálagerninga til viðskipta sé fullnægt.

[Ef sjóður gefur út hlutdeildarskírteini skulu reglur sjóðsins að lágmarki tryggja viðlíka fjárfestavernd og fæst ef sjóðurinn er rekinn í hlutafélagiformi.](#)

##### 1.2.2 *Viðskipti án takmarkana*

Viðskipti með fjármálagerninga skulu vera án takmarkana. [Heimilt er að takmarka framsal með fjármálagerninga sérhæfðs sjóðs við hæfa fjárfesta \(e. qualified investors\), sbr. ákvæði 1.2.3, þar sem slík takmörkun er ekki talin líkleg til að raska markaðnum og því áfram mögulegt að eiga viðskipti með þá án takmarkana.](#)

##### 1.2.3 *Seljanleiki*

[Útgefandi skal vera með samning um viðskiptavakt og tryggja forsendur fyrir dreifingu til almennings. Þetta skilyrði á ekki við ef samþykktir eða reglur sjóðsins kveða á um að einungis sé heimilt að framselja fjármálagerninga í sjóðnum til hæfra fjárfesta og að vakin er athygli á þeirri takmörkun í upplýsingagjöf til fjárfesta skv. lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020.](#)

[Markmiðið með þessu skilyrði er að tryggja að fjárfestar geti átt viðskipti með fjármálagerninga útgefanda á sanngjarnan, skipulegan og skilvirkan hátt. Við mat á því hvort skilyrðið teljist uppfyllt skal horft með heildstæðum hætti á eðli sjóðsins, fyrirkomulag viðskiptavaktar og hvort forsendur séu fyrir dreifingu til almennings.](#)

##### ~~1.2.3~~ 1.2.4 *Allur flokkurinn skal vera tekinn til viðskipta*

Umsókn um töku til viðskipta skal ná til allra útgefna fjármálagerninga í sama flokki.

##### ~~1.2.4~~ 1.2.5 *Geta til að veita upplýsingar til markaðarins*

Áður en taka fjármálagerninga til viðskipta fer fram og eftirleiðis verður útgefandi að innleiða og viðhalda fullnægjandi verkferlum, eftirliti og kerfum, svo sem kerfum og ferlum fyrir reikningsskil, til að hann geti uppfyllt kröfur Kauphallarinnar um að veita markaðnum tímanlegar, áreiðanlegar, nákvæmar og nýjustu upplýsingar.

Verkferlar útgefenda þurfa m.a. að tryggja að hann geti viðhaldið upplýsingagjöf sinni á viðvarandi grunni í samræmi við upplýsingar sem birtar eru í lýsingu, þ. á m. um einstaka eignir. Í því getur falist að útgefandi þurfi að gera ráðstafanir, svo sem samninga við tiltekna mótaðila um aðgengi að upplýsingum og heimild til birtingar, til að tryggja að hann geti birt innherjaupplýsingar, fjárhagsupplýsingar og aðrar viðeigandi upplýsingar um eignir eða mótaðila sem veða umfram 20% af brúttóeignum útgefanda („**verulegir mótaðilar**“), sbr. einnig ákvæði 2.3).

Útgefandi þarf einnig að gera slíkar ráðstafanir vegna fjárfestinga sem gerðar eru eftir að sótt er um töku til viðskipta, ef þær eru umfram 20% mörkin þegar þær eru gerðar, sem og ef fyrirséð er að **verulegir** mótaðilar munu á einhverjum tímapunkti fara umfram 20% mörkin.

Ef farið er yfir 20% mörkin vegna virðishækkunar eða lækkunar sem á sér stað eftir að sótt er um töku til viðskipta og útgefandi getur sýnt fram á að hann geti ekki nálgast einhverjar eða allar þær upplýsingar sem honum er skylt að birta um mikilvægar eignir skulu verkferlar hans tryggja að hann geti veitt allar þær upplýsingar sem hann hefur aðgang að, sem honum er kunnugt um og/eða sem hann getur ráðið af upplýsingum sem undirleggjandi útgefandi, sjóður eða mótaðili birtir, sbr. einnig einnig ákvæði 2.3.

Það skal þó alltaf tryggt að útgefandi geti veitt markaðnum tímanlegar, áreiðanlegar, nákvæmar og nýjustu upplýsingar. Ef breytingar á eignasafni útgefanda leiða til þess að hann geti ekki lengur haldið úti viðunandi upplýsingagjöf gæti hann því þurft að gera aðrar ráðstafanir til að tryggja aðgengi að upplýsingum um verulega mótaðila eða gera breytingar á eignasafni sínu til að draga úr vægi slíkra eigna.

#### 1.2.51.2.6 **Mikilvægar upplýsingar**

Kauphöllin getur farið fram á að ákveðnar upplýsingar sem hún telur að séu mikilvægar eða til hagsbóta fyrir fjárfesta séu gerðar aðgengilegar á vefsetri útgefanda áður en fjármálagerningar hans eru teknir til viðskipta, að því gefnu að upplýsingarnar komi ekki fram í lýsingu.

#### 1.2.61.2.7 **Markaðsverðmæti sjóða**

Áætlað markaðsverðmæti sjóðs þegar umsókn er lögð fram, skal vera að lágmarki fjárhæð sem nemur að jafnvirði 1250 þúsund 5 milljón evrum miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.

### **FERLIÐ VEGNA TÖKU TIL VIÐSKIPTA**

#### 1.2.71.2.8 **Umsókn um töku hlutabréfa fjármálagerninga til viðskipta**

Umsókn skal undirrituð af stjórn rekstraraðila eða öðrum sem til þess hefur umboð.

Eyðublöð má nálgast á vefsetri Nasdaq, <https://www.nasdaq.com/solutions/european-surveillance-general-listing-forms/>

#### 1.2.81.2.9 **Fylgigögn með umsókn**

Með umsókn skulu fylgja eftirtalin gögn:

1. staðfest lýsing
2. staðfesting Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, eða samsvarandi erlends lögbærs yfirvalds, á starfsleyfi eða skráningu rekstraraðila útgefanda sem og heimildum til markaðssetningar og öðrum viðeigandi leyfum.
3. vottorð úr fyrirtækjaskrá, þ.e. staðfesting á skráningu útgefanda í fyrirtækjaskrá, ef við á, eða, sé um erlendan útgefanda að ræða, staðfesting frá sambærilegu yfirvaldi í því landi þar sem útgefandi er skráður
4. reglur sjóðsins.
5. stofnefnahagsreikningur eða tveir síðustu endurskoðaðir ársreikningar sjóðsins, ef við á.
6. milliuppgjör sjóðsins vegna yfirstandandi árs, ef við á.

Ef ekki eru þegar fjármálagerningar útgefanda í rekstri viðkomandi rekstraraðila í viðskiptum í Kauphöllinni þegar sótt er um töku hlutabréfa til viðskipta skulu að auki fylgja:

1. stofnefnahagsreikningur eða tveir síðustu endurskoðaðir ársreikningar rekstraraðilans ef við á.
2. milliuppgjör rekstraraðilans vegna yfirstandandi árs ef við á.
3. gildandi samþykktir rekstraraðilans.

Kauphöllinni er heimilt að óska þess að lögð séu fram frekari gögn sem talið er að geti haft þýðingu vegna töku fjármálagerninga til viðskipta.

*Ef taka fjármálagerninga útgefanda til viðskipta fellur utan gildissviðs reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 („lýsingarreglugerðin“) skal útgefandi semja lýsingu í samræmi við 4. gr. lýsingarreglugerðarinnar.*

*Lýsingar skulu gerðar í samræmi við 4. og 11. viðauka lýsingarreglugerðarinnar. Ef Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands, eða samsvarandi erlent lögbært yfirvald, kemst að þeirri niðurstöðu að beita skuli öðrum viðaukum skal bera það undir Kauphöllina svo tryggt sé að upplýsingar í lýsingu uppfylli lágmarksskilyrði fyrir töku til viðskipta samkvæmt reglum þessum.*

## 2. UPPLÝSINGASKYLDA SÉRHÆFÐRA SJÓÐA

### ALMENNAR REGLUR UM BIRTINGU UPPLÝSINGA

#### 2.1 Innherjaupplýsingar

Útgefandi skal birta innherjaupplýsingar í samræmi við 17. gr. reglugerðar nr. 596/2014 um markaðssvik, sbr. lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum

#### 2.2 Vefsetur

Útgefanda ber að halda úti eigin vefsetri sem veitir aðgang í fimm ár hið minnsta að þeim upplýsingum sem honum er skylt að birta samkvæmt upplýsingaskyldu sem hvílir á útgefanda. Vefsíðan skal einnig innihalda samþykktir útgefanda [eða reglur sjóðsins](#), ef við á.

Setja skal upplýsingarnar á vefsetrið eins fljótt og unnt er eftir að þær hafa verið birtar opinberlega.

*Útgefanda er skylt að halda úti eigin vefsetri til að tryggja að markaðurinn hafi aðgang að upplýsingum um útgefandann. Þetta skilyrði telst einnig uppfyllt ef upplýsingarnar eru aðgengilegar á vefsetri rekstraraðilans.*

*Þetta ákvæði gildir frá þeim degi er útgefandi sækir um að fjármálagerningar hans verði teknir til viðskipta. Ákvæðið gildir einnig um ársskýrslur og lýsingar.*

### ÖNNUR UPPLÝSINGASKYLDA

#### 2.3 Inngangur

Í þessum kafla eru gerðar vissar kröfur um upplýsingagjöf umfram kröfur laga nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa og flöggunarskyldu og reglugerðar nr. 596/2014 um markaðssvik. Ávallt skal því birta þær upplýsingar sem tilgreindar eru í þessum kafla óháð því hvort um er að ræða birtingarskyldar innherjaupplýsingar samkvæmt lögum eða reglugerð. Nema annað sé tekið fram skulu upplýsingar sem ber að birta samkvæmt kafla þessum birtar með sama hætti og innherjaupplýsingar, óháð því hvort þær teljast innherjaupplýsingar.

Ákveðnir liðir í kaflanum eiga einnig við um verulega mótaðila útgefanda. ~~Til verulegra mótaðila teljast stakir undirliggjandi útgefendur, sjóðir eða aðrir mótaðilar (þ.m.t. dótturfélög eða hlutdeildarfélag undirliggjandi útgefanda) sem nema meira en 20% af brúttóeignum sjóðsins.~~ Ef fjármálagerningar verulegra mótaðila hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum markaði eða markaðstorgi fjármálagerninga eiga umræddir liðir ekki við, að því gefnu að greint hafi verið frá fjárfestingu útgefanda í viðkomandi fjármálagerningum.

*Geti útgefandi ekki nálgast viðeigandi upplýsingarnar um verulega mótaðila verður útgefandi að veita allar þær upplýsingar sem hann hefur aðgang að, sem honum er kunnugt um og/eða sem hann getur ráðið af upplýsingum sem undirliggjandi útgefandi, sjóður eða mótaðili birtir, til að uppfylla, að því marki sem unnt er, upplýsingaskyldu sína.*



*Í slíkum tilvikum verða tilkynningar útgefanda þess efnis að hafa að geyma áberandi viðvörðun um að útgefanda hafi verið ókleift að nálgast umræddar upplýsingarnar og því hafi takmarkaðar upplýsingar verið veittar um viðkomandi undirliggjandi útgefanda, sjóð eða mótaðila*

*Í flestum tilfellum eiga þó að vera til staðar samningar milli útgefanda og verulegra mótaðila sem tryggja aðgengi að slíkum upplýsingum, sbr. ákvæði 1.2.5.*

## **2.4 Hrein eign**

Birta skal upplýsingar um hreina eign (e. net asset value), reiknað eftir ákvæðum laga nr. nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og viðeigandi reglugerðum, fyrir lok hvers ársfjórðungs.

## **2.5 Birting fjárhagsupplýsinga og tímafrestur**

Útgefandi skal birta opinberlega ársreikning sinn og ársreikning verulegra mótaðila eins fljótt og auðið er eftir lok reikningsársins og eigi síðar en fjórum mánuðum frá lokum þess.

Útgefandi skal birta opinberlega árshlutareikning sinn og árshlutareikning verulegra mótaðila vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins, eins fljótt og auðið er eftir lok þess tímabils, þó eigi síðar en þremur mánuðum frá lokum þess.

Uppgjörin skulu að lágmarki innihalda allar upplýsingar sem máli skipta um fjármálagerninga sérhæfðra sjóða sem teknir hafa verið til viðskipta.

Sé árshlutareikningur endurskoðaður eða kannaður af endurskoðanda skal áritun endurskoðanda fylgja. Ef áritun endurskoðanda er ekki á stöðluðu formi eða ef áritun hefur verið breytt skal birta hana í heild. Áritun endurskoðanda telst ekki vera á stöðluðu formi ef endurskoðandi hefur bætt við ábendingarmálgrein eða hefur ekki veitt fyrirvaralaus áritun án breytinga.

*Undanþága frá því að birta opinberlega reglulegar upplýsingar sem kveðið er á um lögum um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021 undanskilur ekki útgefendur frá því að birta opinberlega ársreikning og árshlutareikning í samræmi við ofangreint.*

*Ekki er skylt að birta sérstaklega ársreikning eða árshlutareikning verulegra mótaðila ef viðeigandi upplýsingar úr þeim reikningum koma fram í fjárhagsupplýsingum sem útgefandi birtir, svo sem ef um er að ræða samstæðureikning.*

## **2.6 Breytingar á stjórnendum og endurskoðanda**

Tillögur og breytingar á stjórn og öðrum stjórnendum útgefanda skulu birtar opinberlega. Sömu upplýsingar skulu birtar um æðstu stjórnendur verulegra mótaðila.

Einnig skal birta upplýsingar um breytingar á endurskoðanda.

*Tilkynningar um nýja stjórnarmeðlimi, nýja aðila í framkvæmdarstjórn, breytingar á endurskoðendum eða öðrum lykilstarfsmönnum útgefanda skulu innihalda viðeigandi upplýsingar um starfsreynslu og fyrri stöður sem viðkomandi hafa gegnt.*

*Ef útgefandi hefur fjárfestingarráð sem tekur ákvarðanir um fjárfestingar sjóðsins teljast meðlimir fjárfestingarráðs til stjórnenda útgefanda í skilningi þessa ákvæðis.*

*Breytingar á lykilstarfsmönnum útgefanda skulu einnig birtar ef slíkar breytingar hafa, eða geta haft, marktæk áhrif á útgefnda.*

## 2.7 **Upplýsingar um rekstraraðila útgefanda**

Upplýsingar um rekstraraðila útgefanda, sem geta haft umtalsverð áhrif á útgefanda, skulu birtar opinberlega eins fljótt og auðið er.

*Ef útgefandi skiptir um rekstraraðila skal hann birta opinberlega tilkynningu þess efnis þar sem koma fram helstu upplýsingar um nýjan rekstraraðila og ástæður breytingarinnar.*

*Tillögur og breytingar á stjórn, öðrum stjórnendum eða lykilstarfsmönnum rekstraraðila útgefanda skulu einnig birtar opinberlega ef slíkar breytingar hafa, eða geta haft, marktæk áhrif (e. material effect) á útgefanda.*

## 2.8 **Viðskipti við nátengda aðila**

Upplýsingar um viðskipti milli útgefanda og nátengdra aðila sem eru ekki hluti af dagslegum rekstri útgefanda (e. normal course of business) skulu birtar eins fljótt og unnt er eftir að ákvörðun um slík viðskipti hefur verið tekin, nema augljóst sé að um minni háttar viðskipti sé að ræða.

*Til „nátengdra aðila“ teljast framkvæmdastjórar, stjórnarmenn og aðrir stjórnendur eða sjóðstjórar sem hafa mikil áhrif við ákvarðanatökur varðandi fjármál eða starfsemi útgefanda. Lögaðilar undir stjórn þessara aðila, verulegir mótaðilar og hluthafar sem ráða yfir meiru en tíu prósent hlut eða atkvæðisrétti í útgefanda eru einnig taldir vera nátengdir aðilar.*

## 2.9 **Hluthafafundir**

Birta skal tilkynningu um hluthafafundi. Að loknum hluthafafundi skal einnig birta niðurstöðu hluthafafundar.

*Alltaf skal birta fundarboð um hluthafafundi útgefanda. Þetta gildir óháð því hvort tilkynningin hefur að geyma verðmótandi upplýsingar, hvort boðað er til fundarins með póstlögðu bréfi eða fundarboðið er gert opinbert með öðrum hætti (t.d. í dagblaði) og þótt ákveðnar upplýsingar í tilkynningunni hafi áður verið birtar í samræmi við reglur þessar. Fundarboð um hluthafafundi skal alltaf birt opinberlega áður en það fer í aðra dreifingu eða birtingu í fjölmiðlum o.s.frv.*

*Einnig skal birta tilkynningar um hluthafafundi verulegra mótaðila ef tillögur eða niðurstöður eru þess eðlis að þær hafa, eða geta haft, marktæk áhrif (e. material effect) á útgefanda.*

*Niðurstöður hluthafafundar sem lúta einungis að formsatriðum í tengslum við fundinn (svo sem um kosningu fundarstjóra) þurfa ekki að vera birtar opinberlega á grundvelli þessarar reglu.*

## 2.10 **Upplýsingagjöf sem er talin nauðsynleg til að tryggja sanngjörn og skipuleg viðskipti**

Telji Kauphöllin að sérstakar aðstæður séu fyrir hendi sem leiða til verulegrar óvissu um útgefandann eða verðlagningu fjármálagerninganna sem teknir hafa verið til viðskipta og

að viðbótarupplýsinga sé þörf svo Kauphöllin geti tryggt sanngjörn og skipuleg viðskipti með fjármálagerninga útgefandans, er Kauphöllinni heimilt að skylda útgefandann til að birta nauðsynlegar upplýsingar.

## **UPPLÝSINGAR TIL KAUPHALLAR**

### **2.11 Upplýsingar sem sendar eru í eftirlitsskyni**

Samhliða opinberri birtingu skal útgefandi senda Kauphöllinni upplýsingarnar í eftirlitsskyni á þann hátt sem Kauphöllin ákveður.

*Upplýsingar sem sendar eru í eftirlitsskyni skulu sendar rafrænt á þann hátt sem Kauphöllin kveður á um. Útgefanda er heimilt að hafa samband við Kauphöllina til að fá leiðbeiningar um framkvæmdina.*

### 3. ALMENNAR REGLUR FYRIR ÚTGEFENDUR FJÁRMÁLAGERNINGA

#### 3.1 Gjöld

Útgefandi skal greiða gjöld vegna töku fjármálagerninga til viðskipta og önnur gjöld í samræmi við gildandi gjaldskrá Kauphallarinnar hverju sinni.

#### 3.2 Skimun á útgefanda (e. Sanctions screening)

Útgefandi skal standast skimun af hálfu Kauphallarinnar vegna innlendra og alþjóðlegra þvingunaraðgerða. Skimun er framkvæmd á útgefanda og öðrum viðeigandi aðilum hverju sinni. Jafnframt getur Kauphöllin gert kröfu um að útgefandi standist skimun hvenær sem er á meðan fjármálagerningar útgefanda eru til viðskipta í Kauphöllinni.

#### 3.3 Athugunarmerking

Kauphöllin getur ákveðið að athugunarmerkja fjármálagerninga útgefanda ef:

- i. útgefandinn uppfyllir ekki skilyrði fyrir töku fjármálagerninga til viðskipta að verulegu leyti,
- ii. útgefandi hefur brotið með alvarlegum hætti gegn öðrum [kauphallarreglum](#), [ákvæðum reglnanna](#),
- iii. útgefandinn hefur sótt um að fjármálagerningar hans verði teknir úr viðskiptum,
- iv. uppi er umtalsverð óvissa um fjárhagslega stöðu útgefandans eða
- v. hverjar aðrar aðstæður eru fyrir hendi sem leiða af sér umtalsverða óvissu varðandi útgefandann eða verðmyndun fjármálagerninganna.

*Til ábendingar fyrir markaðinn geta fjármálagerningar útgefanda fengið tímabundna athugunarmerkingu. Markmiðið með athugunarmerkingu er að vekja athygli markaðarins á sérstökum aðstæðum sem tengjast útgefandanum eða fjármálagerningum hans sem fjárfestar ættu að gefa gaum. Ástæður fyrir því að fjármálagerningar eru athugunarmerktir geta verið mismunandi. Fjármálagerningar skulu vera athugunarmerktir í takmarkaðan tíma.*

#### 3.4 Úrræði vegna brota á reglum

Telji Kauphöllin að útgefandi uppfylli ekki lengur reglur þessar eða ákvarðanir, sem Kauphöllin tekur á grundvelli þeirra, skal gera honum grein fyrir því. Í samræmi við ákvæði samnings Kauphallarinnar og viðkomandi útgefanda vegna töku fjármálagerninga hans til viðskipta í Kauphöllinni getur Kauphöllin ákveðið að:

1. krefjast upplýsinga frá viðkomandi útgefanda.
2. athugunarmerkja fjármálagerninga viðkomandi útgefanda tímabundið.
3. áminna útgefandann fyrir brot á reglum.
4. birta opinbera yfirlýsingu varðandi umrætt mál.
5. setja skilyrði fyrir viðskiptum eða stöðva viðskipti með fjármálagerninga útgefanda. Slík stöðvun viðskipta getur verið tímabundin eða gilt um óákveðinn tíma.
6. beita útgefandann viðurlögum í formi févítis allt að tífoldu árgjaldi útgefanda vegna töku fjármálagerninga til viðskipta í Kauphöllinni, séu sakir miklar að mati Kauphallarinnar.
7. taka fjármálagerninga útgefanda úr viðskiptum Kauphallarinnar um tíma eða varanlega.

Kauphöllin beitir ekki viðurlögum á grundvelli ákvæðis 2.1.

### 3.5 Málum vísað til Viðurlaganefndar

Telji Kauphöllin að útgefandi hafi brotið gegn ákvæðum um upplýsingaskyldu samkvæmt 2. kafla og að brotið geti varðað viðurlögum samkvæmt 4. – 7. t.l. ákvæðis 3.4 skal slíkt mál tekið til meðferðar hjá Viðurlaganefnd Kauphallarinnar. Kauphöllinni er þó ávallt heimilt að óska eftir því að Viðurlaganefnd Kauphallarinnar taki mál til meðferðar er varða möguleg brot gegn öðrum ákvæðum reglnanna.

Um meðferð mála fyrir Viðurlaganefnd Kauphallarinnar fer samkvæmt reglum um Viðurlaganefnd Nasdaq Iceland.

### 3.6 Útgefandi uppfyllir ekki skilyrði fyrir töku fjármálagerninga til viðskipta

Uppfylli útgefandi fjármálagerninga ekki lengur skilyrði fyrir töku fjármálagerninga hans til viðskipta skal það tilkynnt Kauphöllinni um leið og útgefanda er kunnugt um það. Útgefandi skal gera viðeigandi ráðstafanir í samráði við Kauphöllina.

### 3.7 Taka fjármálagerninga úr viðskiptum

#### 3.7.1 *Útgefandi getur óskað þess að fjármálagerningar hans séu teknir úr viðskiptum.*

*Beiðni útgefanda til Kauphallarinnar um að fjármálagerningar hans verði teknir úr viðskiptum skal fylgja skrifleg greinargerð. Almennt krefst Kauphöllin fjögurra vikna fyrirvara til að taka fjármálagerninga úr viðskiptum en ef um er að ræða meiriháttar viðskipti með fjármálagerningana og stóran hóp eigenda getur Kauphöllin ákveðið að fresta því að fjármálagerningar hans verði teknir úr viðskiptum. Kauphöllin ákveður í hverju tilviki fyrir sig hvaða dag fjármálagerningar verða teknir úr viðskiptum.*

*Til þess að leggja mat á það hvort taka fjármálagerninga úr viðskiptum sé til þess fallin að valda fjárfestum verulegu tjóni eða hafa neikvæð áhrif á trúverðugleika markaðarins*

kann Kauphöllin m.a. að fara fram á að útgefandi leiti eftir afstöðu eigenda fjármálagerninganna til töku þeirra úr viðskiptum.

Kauphöllin getur ákveðið að fjármálagerningar verði ekki teknir úr viðskiptum, þrátt fyrir beiðni útgefanda samkvæmt ákvæði 3.7.1, ef líkur eru til að það myndi valda fjárfestum verulegu tjóni eða hefði neikvæð áhrif á trúverðugleika markaðarins.

### 3.7.2 **Kauphöllin getur ákveðið einhliða að taka fjármálagerninga útgefandans úr viðskiptum í þeim tilfellum:**

- 1) þegar farið hefur verið fram á gjaldþrotaskipti, slitameðferð eða sambærileg beiðni hefur verið lögð fram af útgefandanum eða þriðja aðila við dómstóla eða yfirvöld,
- 2) þegar Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands, eða annað erlent lögbært yfirvald, hefur afturkallað skráningu útgefanda, heimild hans til markaðssetningu eða önnur viðeigandi starfsleyfi,
- 3) þegar útgefandi uppfyllir ekki skilyrði fyrir töku fjármálagerninga til viðskipta, að því gefnu að:
  - i. útgefandi hafi ekki lagfært stöðuna innan tíma sem Kauphöllin ákvarðar. Sá tími skal þó ekki vera lengri en sex mánuðir undir venjulegum kringumstæðum,
  - ii. engir aðrir möguleikar séu fyrir hendi til að lagfæra stöðuna,
  - iii. útgefandi uppfylli ekki skilyrðin að verulegu leyti,
- 4) þegar Kauphöllin telur að áframhaldandi viðskipti með fjármálagerninga útgefanda geti skaðað verðbréfamarkaðinn eða hagsmuni fjárfesta eða
- 5) þegar útgefandi hefur ekki greitt gjöld í samræmi við gjaldskrá Kauphallarinnar á gjalddaga.

## 3.8 **Breytingar á reglum**

Kauphöllin áskilur sér rétt til að fella reglur þessar úr gildi og breyta þeim. Breytingar skulu taka gildi 30 dögum eftir að Kauphöllin hefur tilkynnt útgefendum um þær og birt á vefsíðu Nasdaq. Vegna lagabreytinga og annarra minniháttar breytinga getur Kauphöllin ákveðið að breytingar taki gildi fyrir.

## 3.9 **Gildistaka**

Reglur þessar taka gildi fyrir útgefanda frá þeim tíma er fjármálagerningar hans hafa verið teknir til viðskipta í Kauphöllinni eða sótt hefur verið um að þeir verði teknir til viðskipta og skulu reglurnar gilda á meðan fjármálagerningarnir eru í viðskiptum í Kauphöllinni. Kauphöllin getur þó tekið ákvarðanir og beitt viðurlögum í samræmi við ákvæði 3.4 um brot á reglum í eitt ár eftir að fjármálagerningar útgefanda voru teknir úr viðskiptum telji hún að útgefandi hafi ekki uppfyllt reglurnar á meðan fjármálagerningar hans voru í viðskiptum.